

# SAND

## SKÓLABLAÐ GRUNNSKÓLANS Í SANDGERÐI 2005



Grunnskólinn Sandgerði  
SKÓLASAFN

# Ritstjórapistill

Halló, halló sætu sykurpúðar.

Jæja, þá er loksins komið að aðalkvöldi skólaársins, **ÁRSHÁTÍÐIN...** víii ;)

Tjahhh, við erum komin með ágæta kássu af finu efni í þetta blað ...en þar sem það er nú hefð á hverju ári að skamma eldri bekkina fyrir að senda ekkert efni inn, þá verðum við nú að halda þeirri hefð. "Kommon, þið hefðuð nú alveg getað gert betur en þetta;) Eeeen þá skorum við bara á ykkur að gera betur á næsta ári ;)

Vonum að þið eigið eftir að fila þetta blað, svo no fight with us! Haha =)


## Njótið kvöldsins...

Fyrir hönd blaðanefndar,

Ástrós og Kamilla =\*

### Blaðanefnd:

Ástrós 10. bekk  
Kamilla 10. bekk  
Ásta Guðný 10. bekk  
Steinunn 10. bekk  
Sigurður Þórhalls. 10. bekk  
Sigurður Freyr 9. bekk




### SANDKORN

gefið út 20. mars 2005  
í tilefni árshátíðar  
Grunnskólans í Sandgerði

### Efnisyfirlit:

- bls. 1 - Ritstjórapistill  
" 2 - Skýjaborg  
" 4 - Framtíðarspá  
" 8 - Reyklaus bekkur  
" 11 - Halli Valli - Viðtal  
" 13 - Kennarar og starfsfólk  
" 13 - Félagsútilega Heiðarbúa  
" 14 - Pikk-up línur, Gula pressan  
" 15 - Úr gömlum vinabókum  
" 16 - Hvað veistu um vin þinn  
" 17 - Myndir úr skólalífinu  
" 21 - Kosningar og Heyrst hefur...  
" 22 - Kveðja frá 10 BJS  
" 24 - Kennaraviðtal og Nemandaviðtal  
" 26 - Uppskrift að fullkomnu lífi  
" 28 - 10 setningar...  
" 29 - Lítill drengur  
" 30 - Stjörnuspá kvöldsins  
" 31 - Frá móður til sonar  
" 33 - Mistök úr munnri íþróttafréttamanna  
" 34 - Nemandaviðtal  
" 36 - Mom, I went to a party - ljóð



# SKÝJABORG

## 2004-2005

Það má með sanni segja að starfið í Skýjaborg hafi farið heldur skemmtilega af stað enda eru allir starfsmenn Skýjaborgar glænýir úr kassanum. Þrátt fyrir langvarandi kennaraverkfall fór allt býsna vel af stað og allir voru ánægðir að mestu leyti. Það má segja að þegar ég skrifa þennan pistil sé eins og ég hafi byrjað í gær - já þetta er ekkert venjulegt starf, nei, þetta er besta starf í heimi. Áður en lengra er haldið vil ég þakka öllum krökkum í skólanum fyrir skemmtilegt ár og vonast til að sjá ykkur sem flest á nýju skólaári.

### Skemmtanir fljúga inn...


Eftir að ég og mitt starfsfólk höfðum fótað okkur í nýju vinnunni og kynnst nýju nemendaráði fóru hjólin að snúast. Skemmtanirnar fóru að fljúga inn eins og t.d. 80' diskó, Singstar kvöld, Náttfatadiskó, Hlaupa tek, Gullna röddin, Drauga tek, jóladiskótek, Bleikt diskó, Hippa diskó og margt fleira.

Gullna röddin var mjög skemmtilegur dagur þar sem mun fleiri

mættu en maður átti von á, enda var hljómsveitin Pointless að spila fyrir gesti á meðan á biðinni stóð. Í yngri hópnum vann hún Ingunn Sif Axelsdóttir og söng hún lagið Get the party startet. Hjá eldri var það hún Særún Guðmundsdóttir sem sigraði með lagið Saw here standing there. Vil ég koma því á framfæri að þetta var mjög vel gert hjá öllum og vona að sem flestir taki þátt aftur á næsta skólaári.

### Ferðalögin

Ferðalögin voru náttúrulega það sem setti punktinn yfir I-ið. Nemendaráðið fór á landsmót á Akureyri og var það vel heppnuð og skemmtileg ferð sem farin var í október. Seinni part janúar var farið á undankeppni Samfés í Eyjum þar sem Særún söng fyrir hönd Skýjaborgar og stóð hún sig býsna vel. Vona ég að hún taki þátt í Gullnu röddinni á næsta skólaári. Ég verð að segja að þetta hafi verið ein skemmtilegasta ferð sem ég hef farið í.



\*\*\*\*\*

### Í leikhús

Farið var á tvö leikrit í Loftkastalanum. annað leikritið hét "Ég er ekki hommi" og hið seinna hlaut nafnið "Ég er ekki mamma" - nei grín, það hét "Welcome to the jungel" og skemmtu krakkarnir sér víst bara með þryði á þessum sýningum.

### Samfés Festival

Fyrripart mars var farið á Samfés Festival eins og það var kallað. Það samanstóð af tveimur dögum. Föstudagurinn var stút-fullur af skemmtunum fyrir krakkana sem var í raun geggjað, hljómsveitir eins og Ísafold, Í svörtum fötum, Á móti sól, Írafár og síðast en ekki síst Jagúar tróðu upp og var þetta bara býsna góður stemmari. Laugardagurinn fór í það að hlusta á söngvakeppnina og var hún frekar spennandi.

Bústaðarferð nemendaráðs var núna í apríl og vonandi skemmtu sér allir vel.

### Og áfram höldum við...

En eins og við vitum þá ætlum við ekkert að hætta strax eftir árshátíð er það? NEI það er bannað, því strax á föstudeginum eftir árshátíð verður Hippa diskótek og erum við að halda Diskó til að kveðja 9. bekkinn, því þau eru nú að fara til Danmerkur daginn eftir. Spurningakeppni, leikjakvöld, bullkvöld svo eitthvað sé nefnt er það sem verður á döfinni eftir árshátíð. Þann 6. maí 2005 ef veður leyfir verður gert svölítið skemmtilegt og verður það auglýst síðar.

En munið þó eitt - starfið í Skýjaborg er ekkert skemmtilegt nema unglíngarnir í Sandgerði taki þátt og séu virkir í starfinu.

**Skýjaborg stendur og fellur með ykkur!**


**Með árshátíðarkveðju,**

**Sverrir sæti, Veigar sæti,  
Íðunn sæta, Svavar sæti og  
Sævar sæti ;)**

Elskaðu mig mest þegar ég á það síst skilið  
því þá þarf ég mest á ást þinni að halda.

Ástin læðist á tánum þegar hún kemur,  
en skellir hurðum þegar hún fer.

Sá sem ekki kann að hata  
getur ekki elskað.  
Voltaire



\*\*\*\*\*

# Framtíðarspá

**Anna Birna:** Sviti, vatn, öskur og stinnir vöðvar er eitthvað í lífi Önnu Birnu. Já, hún á eftir að leggja undir sig einkabjálfaheiminn í þeim tilgangi að gera alla flottari og sæta eins og hún er. Og munið... 20-30 kíló á dag koma skapinu í lag.

**Anna Sóley:** Anna Sóley mun verða hin íslenska Queen Latifah. Hún mun verða leigubílstjóri og keyrandi um göturnar eins og hún eigi lífið að leysa. Hún kemst í þáttinn Pimp my ride, því að taxinn hennar er gjörsamlega í henglum og þeir pimpa hann upp. Hann mun verða bleikur með vængjum.

**Ari Viktor:** Hann á eftir að meika það í hártískubransanum. Hann flytur til Spánar og stofnar þar 11 hártískustofur með David Beckham. Beckham slítur svo samstarfinu með Ara því Victoria var farin að falla fyrir Ara. Hann leggst í þunglyndi í tvo daga en rís svo aftur upp á þriðja degi.

**Ásdís:** Ásdís verður jógakennari í Miðhúsum. Hennar markmið verður að láta ellismellina ná að teygja sig í tærnar án þess að brjóta mjaðmirnar. Eins mikill hrakfallabálgur og hún er þá stórslasar hún sjálfa sig og gefst upp á jógakennslunni. Hún ákveður að taka upp gamla takta - og fer út í ökukennslu.

**Ásta Guðný:** Hún verður mikils metin fréttakona á sjónvarpsstöðinni Omega. Kona með fréttir um guð og hans crew. Ásta fær svo gjörsamlega ógeð á setningunni "í fréttum er þetta helst" að hún ákveður að gerast skátaforingi again.

**Ástrós:** Ópera er í hennar blóði. Ástrós mun þenja raddböndin og slá Pavarotti við. Hún er svo hávær að enginn getur verið nálægt henni nema heyrnarlausar flugur. Mikið er til af leti í þessari stúlkukind. Í frítímanum sínum hannar hún skó og þá ekkert venjulega skó... heldur skó sem labba sjálfir þannig að hún þarf ekki að eyða orku í það.

**Fanney:** Hún Fanney verður næsti hitch. Hún á eftir að brillera í þessum bransa. Hún á eftir að hjálpa mörgum í lífinu og eignast mjög mikla peninga. Hún mun byrja með þátt í anda Djúpu laugarinnar. Hann mun heita "Lonely people" og mun hjálpa mörgum... og slá Oprah þáttunum við.

**Hafrún:** Rugl og bull er hennar fag. Hún verður dýrasálfræðingur og sérmenntar sig í hundasálfræði... Hún giftist hundinum Brynjólfi og munu þau verða veri rits. Hún gefst upp á honum eftir tvö og hálf ár í hjónabandi og skriður aftur til hans Ferenc gamla.

**Hanna María:** Hún flytur til Hollywood og ætlar að reyna að meika það sem leikkona. Henni mistekst og endar eins og Joey nema bara MJÖG gáfuð. Hún á eftir að eignast marga skrautlega vini og gúbbífisk.


**Heiðrún:** Þessi fallega stelpa ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Nei, hún verður garðyrkjufraeðingur og á eftir að sjá um garðana fyrir fræga fólkið í Hollywood.

**Helgi Ármanns:** Hann mun verða tölvufræðingur mikill. Hann mun hanna allt sem kemur í fréttum, alla klippingu og fleira. En hann fær fljótt leið á því og fer til Afríkur. Þar kennir hann börnum að dansa og verður mjög vinsæll.

**Helgi Laxdal:** Þessi maður hefur stafina í blóði sér og á eftir að verða mikilsvirtur rithöfundur sem skrifar aðallega um Counterstrike. Bækurnar hans seljast ekkert þannig að hann neyðist til að selja Herbalife með mömmu sinni eftir 5 ár á atvinnuleysisbótum.

**Kamilla:** Já EKKERT. Kamilla verður EKKERT og EKKERT point að skrifa meira um EKKERT!!!

**Karen Helga:** Hún ætlar að leggja undir sig kvikmyndaheiminn eins og félagar hennar í Dawsons Creep, en mun enda sem smíður og smíða tökusettt fyrir vinsæla sjónvarpsþætti.



**Karen Sævars:** Karen á eftir að verða mjög fræg söngkona og mun slá Britney Spears. En Britney verður ekki sátt með það og kemur slúðri í gang. Karen lætur þetta sem vind um eyrun þjóta, byrjar með Adam Brody, draumaprinsinum sínum og eignast þau börn og buru.

**Kristján:** Brýtur, borar eitthvað og gerir við. Já, það getur þessi myndarsnáði og hann á eftir að leggja framtíðina að fótum sér og verða hestatannlæknir. Honum gengur mjög vel og stofnar stofuna Horse Tooth.

**Lárus:** Hann mun verða þessi típíski ríki DúD. Hann verður keyrandi á limma um Sandgerði með FULLT af hot gellum í kringum sig. Hann klæðist alltaf bleikum jakkafötum með STÓRA slaufu og pípuhatt. Þ hot ha??? ójá. Það verður reist stytta í Sandgerði honum til heiðurs.

**Margrét:** Margrét hefur ávallt verið metnaðarfull, enda verður hún sorphreinsir hjá Kölku. Þar mun hún flokka sorp og dósir. En hún fékk ekki mikinn pening út úr því. Eins metnaðarfull og hún er þá gafst hún ekki upp heldur stofnaði sitt eigið fyrirtæki; Magga Dós.

**Marinó Oddur:** Brjóta saman, strauja, Marinó verður heimavinnandi húsmóðir á sínum eldri árum, tekur virkan þátt í barnauppeldi, þvær, straujar og brýtur saman þvott. En að elda, það getur hann EKKI lært. Hann kveikir í húsinu sínu og ákveður þá að fara í slökkviliðið.

**Pétur Þór:** Pétur hefur sko reglurnar í lagi, lögregla er hans fag; hlaupandi eftir dimmum göngum skólans og fangar skrópara. Þegar hann er kominn í sitt besta form og þvílíka tækni í að ná skrópunum fær hann tilboð að fara í Harvard og kynnist þar mesta skrópara sem allra tíma og það verður ást við fyrstu sýn.

**Raggi:** Raggi verður mjög frægur leikfangasmiður og Tyra Banks mun kolfalla fyrir honum. Þau munu eignast 13 börn og lifa mjög hamingjusöm til æviloka.

**Ragnheiður:** Ragnheiður verður atvinnumálari og mun vinna fyrir sér við að mála gangstéttabrúnir fyrir Sandgerðisbæ. Hún og kallinn hennar munu ganga í það heilaga mjög fljótlega eftir 10. bekkinn og eignast lítið sætt lamb í appelsínugulum skóm.



**Sigurður J:** Þessi strákur lætur sko draumana rætast. Hann verður yfirskúfufatalningamaður í Byko. Þess á milli verður hann atvinnu snokerkúluteljari.

**Siggi Þórhalls:** Hann verður vitavörður í Garðskagavita og á sér einn vin sem hann tekur með sér hvert sem hann fer, það er gullfiskurinn Lolli. Hann glápir stöðugt á hann og verður sjóveikur allan daginn. Dag nokkurn vaknar hann með þá þráhyggju að fara í þáttinn hennar Fanneyjar "Lonely people" og hittir þar draumaprinsessuna sína. Þau giftast og eignast 19 krakka.

**Sigurður Þorsteinsson:** Do, re, mí, fa... Hann á eftir að verða ein stærsta Idolstjarna sem uppi hefur verið. Hann gefur út plötuna "Ást við fyrstu sýn með blindrastaf". Weird ha???


**Sólveig:** Hún Sólveig mun verða blaðberi hjá DV. Hún á eftir að standa sig svo vel í vinnunni að hún fær kauphækkun. Seinna á árunum mun hún gefa út blað sjálf. Það mun verða um daglegt líf hennar og mun það verða mjög vinsælt.

**Steinunn:** Hver sagði að fötin skapi ekki manninn? Hún Steinunn á eftir að verða frægasti hundafatahönnuður í heimi og stofnandi fyrirtækisins Dog Corp. Verst hvað hún verður alltaf hrædd við hunda

**Sverrir:** Lögfræðin er eitthvað í blóði Sverris og skynja ég það að hann eigi eftir að verða lögfræðingur. Hann mun verða næsti lögfræðingur Michaels Jackson og mun græða mjög mikið á því.

**Tómas:** Tommy boy, íþróttir eru lífið hans! Hann verður atvinnumaður í fótbolta. Hann verður lukkudýr hjá 4. flokki Reynis. Þegar hann fer að nálgast fertugsaldurinn verður hann rekinn fyrir leti. Hann býður sig fram sem forseti og heldur þessa þvílíku ræðu. Þegar hann er hálfnaður með ræðuna er labbað upp að honum með bikar - hvernig bikar? Jú, hann sló röfl met.


**Vígfús:** Hann Vígfús mun verða prestur undir einhvers konar fjöllum. Hans helstu stuðningsmenn í messu verða jólasveinarnir 13. Hann endar sem 14. jólasveinninn og fær heitið Fúsaprik.






Ívar Bergþór  
7. ESG

Brenn  
Brenn



HÆTTU  
að reykja áður  
en krabbinn kemur eftir  
ÞÉR!


Aron Ellis  
7. UGK



Mihahahahahaha  
hahahahahaha  
hahahahaha  
hahahahaha


# Reyklaus bekkur

7. bekkur hefur í vetur verið  
að vinna margvísleg verkefni  
sem tengjast forvarnarskoti  
gegn reykingum. Hér er  
smá sýnishorn af  
vinnunni  
þeirra.



Reykingar enda með dauða

Óðinn Már  
7. ESG



Fótboltastrákur sem reykir  
SPRINGUR!

Agnes  
7. ESG



Ekki Reykja

Henry  
7. ESG




Farðu i það!  
Viktoría og Teresa  
7. ESG



Trausti  
7. ESG

REYKIANDI

REYKLAUS






Þú hefur valid

Hann fékk  
að vera  
með  
Halli Valli

Segjum að rósinar  
tákn líf. Þessi rós  
er líf manns sem  
reykir ekki.



Teresa  
7. ESG



Þessi rós er líf manns  
sem reykir!

<p>Viltu sigarettur? Já takk.</p>	<p>Mmm, sigarettur</p>	<p>Þú miður ég drep þig, þú ert eitru.</p>
<p>Þú Deyr af reykingum</p>	<p>Lítil, eitruður, sterkur og bannvænn, he he he</p>	<p>Hætta að reykja, þú reykjar drep þu.</p>

Ásta Mjöll  
7. UGK

Ásta



## Viðtal við HALLA VALLA



### Nafn?

Hallbjörn Valgeir Rúnarsson, Rjúpan, Hvalurinn, Heilthaveil og Halli Valli. - Þú mátt velja.

### Aldur?

- 23 ára.

### Á hvaða hljóðfæri spilarðu?

- Í hinum ýmsu hljóðsveitum spila ég á eftirtalin hljóðfæri: Gítar, orgel, bassa og raddbönd staðsett einhvers staðar inni í mér.

### Í hvaða hljómsveit ertu?

- Fyrst og fremst pönkhljóm-sveitinni Ælu en er einnig að sinna öðrum verkefnum, s.s. með hljómsveitinni Hálftíma-gangur sem samdi og spilar lög úr leikritinu Hans og Gréta. Einnig hef ég komið fram við hin ýmsu tækifæri með dúettum Halli Valli og Gugga. Svo spila ég með honum Smára Klára ástvini mínum á hinum og þessum pöbbum og dansiböllum.

### Hvað tekur það þig langan tíma að semja lag?

- Það er óskaplega misjafnt hvað það tekur langan tíma. Sum lög verða til og fullsteypt á fimm mínútum en önnur eru að malla í hausnum á manni í marga mánuði áður en þau komast í endanlegt

form. En yfirleitt eru það bestu lögin sem verða til á einu bretti.

### Hvar spilaðirðu fyrst?

- Ég er nokkuð viss um að það hafi verið á diskóteki Skýjaborgar í Samkomuhúsinu í Sandgerði.

### Áttu einhverja fyrirmynd í tónlistarbransanum?

- Þessi spurning er ekki sanngjörn! Þær eru svo margar. Það er sennilegt að ég taki það sem mér finnst best í fari hvers og eins og tileinki mér það. Ætli það geri það ekki allir? Þannig erum við öll einn grautur af hverju öðru;)

### Hvernig tónlist hlustarðu á?

- Það er mjög mismunandi eftir því hvernig skapi ég er í. Öll tilraunakennd tónlist og svokölluð jaðartónlist heillar mig. Þegar ég er skikkaður til að taka til eða gera eitthvað sem er ekkert of spennandi verð ég að hlusta á eitthvað sem léttir mér lund. Þá er vel til fallið að hlusta á Rain Dogs með Tom Waits. Þegar mig langar til að skemmta mér og hækka vel í græjunum hlusta ég yfirleitt á eitthvað af eftirfarandi: Modest Mouse, Purrkur Pilnikk, Slint, Built to Spill, Melvins eða Ælu.



Þegar mig langar til að brosa hlusta ég á The Unicorns eða Johny Poo (á Rokk.is - algjör snilld). Þegar mig langar til að slappa af hlusta ég á Bonnie 'Prince' Billy (Will Oldham) Kings of Convenience eða Nick Drake. Annars gæti þessi listi verið miklu lengri, ég reyni að hafa sem mesta fjölbreytni og er stöðugt að kynna mér nýja tónlist.

**Hver er frægasta manneskjan sem þú hefur spilað með?**

- Það munaði litlu að Æla myndi spila með Kiefer Sutherland og Rocco á Grand Rokk einu sinni. En ég held að hann hafi bara hangið niðri á bar og Rocco spilaði bara. Ein frægasta manneskjan í mínum augum er alltaf Smári klári... eða Ævar gítarleikari Ælu.

**Skemmtilegasta atvik á sviði?**

- Það koma mörg misfyndin atvik upp í hugann. Þeir sem vita það ekki þá er ég venjulega með stól með mér á sviðinu þegar Æla spilar og stekk stundum upp á hann ýmist til yndisauka eða til að framlengja sviðið. Ég verð að segja að atvik sem átti sér stað á skemmtistaðnum 22 í Reykjavík sé svona það flottasta og svalasta. Það var á tónleikum með Ælu og Heiðu og heiðingjunum. Sviðið á 22 er pínulítið og ég staðsetti stólinn fyrir framan sviðið niðri á gólfi og þurfti því alltaf að stökkva af sviðinu á stólinn. Við vorum að byrja á síðasta laginu okkar sem heitir Love the Honey. Ég spila

yfirleitt ekki í því lagi þannig að ég lagði frá mér gítarinn og sótti mér glas sem ég var með til að væta góminn. Síðan hófst söngurinn. Þegar ég ætlaði að stökkva á stólinn rann hann undan mér og ég þeyttist nokkra metra upp í loftið (maður á alltaf að ýkja svona sögur) Síðan lenti ég á bakinu á mjúku viðarsviðinu, míkrafónninn flaug en ég greip hann, liggjandi á bakinu, við munninn á mér og hélt áfram að syngja. Og allan tímann hélt ég á glasinu og það fór ekki dropi úr því!!! Síðan kláraðist lagið og ég stóð upp og yfirgaf sviðið til vinstri. Aha!!

**Ertu á lausu?**


- Neibb, sorry.

**Mottó?**

- Oft fara hommar á bak við mann.


**Eitthvað að lokum, t.d. góð ráð handa ungu tónlistarfólki.**

- Sýnið tillitssemi, ég er frávik.



## Kennarar og starfsfólk

Allir eldast - ekki satt?



### Ragga danska:

- Verðurðu með kerti á afmælistertunni?
- Nei, þetta er afmælisveisla, ekki bálför!

### Pétur Brynjars:

- Þú ert örugglega yfir 50... þegar þú ert farinn að fá hlaupasting við það að spila bridge.

### Bergný Jóna:

- Þú ert örugglega yfir 50... þegar "að reita hár sitt" þýðir að taka af sér kolluna.

### Fanney:

- Svo lengi sem kona lítur út fyrir að vera 10 árum yngri en dóttir sín er hún alveg sátt.

### Þórunn M:

- Frá fæðingu til 18 þarf góð stúlka góða foreldra, frá 18-35 þarf hún gott útlit, frá 35-55 þarf hún góðan persónuleika og eftir 55 þarf hún góðan pening.

### Guðjón:

- Það er hættumerki þegar... þú ferð að segja hluti eins og "í minni tíð".

### Unnur:

- Ellin er þegar kvöldverðir við kertaljós eru ekki lengur rómantískir því þú sérð ekki á matseðilinn.

### Oddný:

- Þú veist að þú ert 50 ára þegar... þú þekkir þig ekki lengur á ljósmyndum.

### Skúli:

- Á mínum aldri er mér sama þó að hugurinn reiki - svo lengi sem hann kemur aftur!

### Beggi:

- Maður getur bara haldið maganum inni í visst mörg ár.

### Elín Y:

- Þú veist að þú ert farin að eldast þegar spákona býðst til að lesa í andlitið á þér.

### Erla Jóna:

- Ég hef allt sem ég hafði áður. Það er bara sex tommum neðar.

### Einar Sveinn:

- Allir geta orðið gamlir. Það eina sem þú þarft að gera er að lifa nógu lengi.



### Félagsútilega Heiðarbúa


Um helgina 1.-3. apríl var ég, Sunna, Svanbjörg og Björg í útilegu sem var haldin á Kirkjulækjarkoti. Það var gaman. Við fórum í hæk og löbbuðum að Hvíturéttunum og gerðum verkefni. Við sáum hund þar en vissum ekki hvað hann hét. Svo elti hundurinn strákana heim að skálanum og hundurinn var þar allan daginn því hann rataði ekki heim. En næsta dag var hann horfinn.

Við fórum í boðhlaup og það var gaman. Í fyrstu umferð áttum við að gera rétta hnútinn og svo áttum við að labba með skeið í munninum og í skeiðinni var egg. Sandra Mjöll átti að borða flórsykur, en það var bara ógeðslegt. Við fórum líka í reipitog og um kvöldið fórum við í næturleik sem er geggjáð skemmtilegur. Næsta dag fórum við að laga til í skálanum, svo fórum við í fánaslit og við fengum tvisvar verðlaun fyrir skálaskoðun. Svo fórum við heim.

Þórdís Guðna 6. PB

## Pikk-up línur

- \* Pétur við Hönnu: Þú hefur verið kosin "fallegasta stelpan á staðnum" og í verðlaun er koss frá mér.
- \* Hafrún við Ferenc: Værirðu til í að snerta mig svo ég geti sagt vinum mínum að ég hafi snert engil =)
- \* Sigurður Jóns við Ástrósu: Geturðu lánað mér tíkall? Ég þarf nefnilega að hringja í mömmu þína og þakka henni fyrir að hafa fætt þig. =)
- \* Gísli Guðna við Klöru: Þú verður að hjálpa mér! Mamma segir að ef ég náí mér ekki í kvenmann fyrir morgundaginn ætli hún að gefa mig\_\_ \*rodn\*
- \*Hjördís Ósk við Didda: Heyrðu... ég er búin að týna símanúmerinu mínu, ertu til í að láta mig fá þitt?
- \*Veigar við Önnu Sóley: Þú ert svo sæt að Nói Siríus fer fljótlega á hausinn.
- \* Ásdís við Tomma: Trúir þú á ást við fyrstu sýn, eða þarf ég að ganga nokkrum sinnum framhjá þér?
- \* Siggí Þórhalls við Kamillu: Ég hlýt að vera villtur, ég hélt að Paradís væri lengra í suður.
- \* Gummi við Guðbjörgu: Hæ, ég er nýr í bænum, geturðu nokkuð gefið mér leiðbeiningar um hvernig ég kemst heim til þín?



### Ljóð

Ég sit og reyni að semja ljóð,  
það er nú meira baslið.

Því ljóðin verða að vera góð  
en þetta er nú meira draslið.  
Kennarinn sagði ekki gleyma,  
að gera skáldskapinn.

Ef ég gleymi að læra heima  
fæ ég G í kladdann minn.

Ástrós Anna, 6. EY

### Ást

Ást er hlý,  
mín ást til þín,  
ég get ekki lifað án þín,  
elskan mín.

Þú ert bara ástin mín.

Er ég ástin þín?


Júlíana Guðrún, 6. EY

## Gula pressan

Heyrst hefur að...

- Fanney ætli aldrei framar að kveikja á þokuljósunum þegar hún er að keyra.
- Einar Sveinn sé farinn að fjárfesta í nýjum klossum.
- Oddný sé lögst inn á spítala vegna áfalls sem hún fékk þegar hún heyrði nýjasta slúðrið frá stelpunum í 10. bekk.
- Steinunn sé alveg búin að gefast upp á strákum.
- Bergný sé búin að sækja um vinnu í FS, því hún geti ekki hugsað sér að sleppa englunum sínum úr 10. bekk.
- Særún sé að komast á plötusamning hjá Skífunni eftir sigurinn í Gullnu röddinni.

# Úr gömlum vinabókum



Við í blaðanefnd fundum gamlar "vinabækur" sem við áttum heima hjá okkur og alltaf er gaman að lesa =) hehe, enjoy!

\*Þetta var skrifað 1998-2000:

## Það sem ég ætla að verða?

Hanna María: Lyfjafræðingur

Kamilla: Tweety

Fanney: Hjúkrunarfræðingur

Margrét: Tannlæknir

Ásdís: Atvinnumaður í fótbolta (hjá Liverpool)

Karen Helga: Hárgreiðslumeistari.

(Spurning hvort eitthvað af þessu rættist)

## Uppáhalds námsgrein?

Hanna María: Lesa

Ástrós Jónsd: Íþróttir

Hjördís Ósk: Stærðfræði

Ragnheiður: Stærðfræði

Karen Sævarsdóttir: Stærðfræði

□□□

## Brandarahornið



Helgi Lax: Jæja, í dag er ég með reyktu tungu, steikta lifur, nýru í kássu og grísalappir.

Kolbrún Sunna: Ég var ekki að spyrja um heilsufari þitt!

Kennararnir borða aldrei kleinuhringi því þeir vita ekki hvað þeir eiga að gera við gatið.

Sandra S: Er hóstinn orðinn betri?

Marel: Jáá... ég er búinn að æfa mig í alla nótt.

Löggan stoppaði Hrafnhildi Ásu sem ók á móti umferð á einstefnu.

Löggan: Sástu ekki örvarnar?

Hrafnhildur: Nei, ég sá ekki einu sinni indíána!



Hvað veistu um vin þinn?Eva um Hjördísi.


1. Hvað heitir hún fullu nafni? - Hjördís Ósk Hjartardóttir.
2. Uppáhalds föt? - Gallabuxur, hehe.
3. Hvernig skó á hún? - Allstar skó
4. Uppáhalds leikari? - Veit það ekki.
5. Sætasti strákurinn? - Strákarnir í Blue!
6. Hvort finnst henni betra Kók eða Sprite? - Kók.
7. Hvort gengur hún frekar í íþróttafötum eða pæjufötum? - Bæði.
8. Draumaprins? - Joey... nautheimsk bæði!
9. Lýstu henni í einni setningu. - Hún er tær snilld.

Hjördís svarar um sig:

1. Fullt nafn: Hjördís Ósk Hjartardóttir
2. Uppáhalds föt: Gallabuxur
3. Skó: Converse
4. Uppáhalds leikari: Vin Diesel
5. Sætasti strákurinn: Hmm - veit ekki
6. Kók eða Sprite? - Kók.
7. Íþróttaföt eða pæjuföt? Pæjuföt.
8. Draumaprins: ???

Hvað veistu um vin þinnHjördís Ósk um Evu.


1. Hvað heitir hún fullu nafni? - Eva Dís Ottesen Karlsdóttir.
2. Uppáhalds föt? - Bara veit ekki!
3. Hvernig skó á hún? - Adidas.
4. Uppáhalds leikari? - Ekki hugmynd.
5. Sætasti strákurinn? - Haha, ekki spyrja mig!
6. Hvort finnst henni betra Kók eða Sprite? - Kók.
7. Hvort gengur hún frekar í íþróttafötum eða pæjufötum? - Pæju.
8. Draumaprins? - Hans Aðalsteinn... held hann heiti það.
9. Lýstu henni í einni setningu. - Skemmtileg, sæt... trallalla, bara allt... lov ya.

Eva svarar um sig:


1. Fullt nafn: Eva Dís Ottesen Karlsdóttir.
2. Uppáhalds föt: Gallabuxur og peysa.
3. Skór: ADIDAS
4. Uppáhalds leikari: Enginn sérstakur.
5. Sætasti strákurinn: Lee í Blue.
6. Sprite eða kók: Kók.
7. Íþróttaföt eða pæjuföt: Íþróttaföt.
8. Draumaprins: Veit ekki.



17





*Myndakeppni Sandkorns.*





BESTA MYNDIV =)





## KOSNINGAR

2005



- *Herra Sandgerðisskóli: Pétur Þór*
- *Ungfrú Sandgerðisskóli: Ástrós*
- *Flottustu augun: Siggi Þórhalls*
- *Flottasta brosið: Fanney*
- *Skemmtilegasti hláturinn: Kolbrún S*
- *Fatafrík ársins: Hrafnhildur Ása*
- *Flottasta hárið: Kamilla*
- *Kroppur ársins (stelpa): Ragnheiður*
- *Kroppur ársins (strákur): Pétur*
- *Vinsælasta manneskjan: Ástrós*
- *Mesti hrakfallabálgur: Ásdís*
- *Mesta krúttið: Hannes*
- *Íþróttافرík ársins: Hannes*
- *Félagsvera ársins: Hannes*
- *Símalína ársins: Kamilla*
- *Counterstrike-ari ársins: Siggi Þórhalls*
- *Model ársins: Kamilla*
- *Mesta gáfnaljósið: Hrafnhildur Ása*
- *Ljóska ársins: Ásdís*

*Heyrst hefur að...*

- Marel ætli að leika í *Thunderpants 2*

- Hannes ætli að vinna á Subway þegar hann verður stór

- Siggi Þórhalls sé farinn að nota eitt mesta "hax" sögunnar í *Conter-strike*

- Sólveig og Aron séu farin að plana brúðkaupið...

# Kveðja frá 10. BJS

*Að kvöldi 19. apríl 2005 fóru nemendur 10. bekkjar snemma að sofa. Ástæðan fyrir þessari nýju hegðun nemendanna var sú að 20. apríl var stór og merkur dagur í lífi þeirra; **síðasta árs-hátíðin í Grunnskóla Sandgerðis**. Klukkan 21:30 voru allir komnir í fastasvefn og byrjaðir að dreyma... kl. 00.ºº á miðnætti fóru skrítnar verur að gera vart við sig í draumum nemendanna. Þetta voru ... afturgöngur, álfar og huldufólk sem fór með nemendurna til fyrri og yngri ára þeirra í skólanum.*

**1. bekkur:** Skólinn hjá okkur byrjaði aldeilis vel. Siggi Þórhalls og Pétur voru sendir til skólastjórans fyrir að sýna á sér xxxxxx hehehe... og Fanney var eitthvað að stelast út á bolnum, þannig að þau þrjú fóru öll saman til Guðjóns, haha! Guðbjörg kennari sá um að gefa okkur jákvæðispillur! Margrét spurði Þórarín kennara (lögga) hvort hann ætti "löggunærbuxur"... svo skiptum við um kennara í hverri viku.

**2. bekkur:** Siggi Þórhalls lét stelpurnar ekki í friði, dró m.a. Steinunni á hárinu eftir öllum ganginum. Svo voru draugasögur aðalefnið í 2. bekk.

**3. bekkur:** Hafrún kom í bekkinn, en lítið annað eftirminnilegt skeði í 3. bekk.

**4. bekkur:** Enn bættist fólk í hópinn og Sigurður Jóns og Kamilla komu í bekkinn. Ásdís og Kamilla skröpuðu í fyrsta skipti, svo voru Karen Helga og Steinunn sendar heim fyrir að koma málaðar í skólann.

**5. bekkur:** Lóa var með "öllum" strákunum í bekknum. Anna Birna flutti frá okkur (=) Nonni-Manni og Blái herinn voru aðal klíkur ársins og svo vildi Ástrós bara alls ekki byrja með Helga Lax. Í 5. bekk fengum við svo kennarann okkar til að gráta þegar við héldum í fyrsta skipti upp á afmælið hennar Bergnýjar, hringdum í Víkurfréttir og FM 957.

**6. bekkur:** Vð fengum okkar fyrstu reynslu af kynfræðslu, förum í hvalaskoðunarferð... Heiðrún kom í bekkinn + Anna Birna kom aftur. Elísabet flutti til Færeyja (og Steinunn "hágrenjandi") Við höldum upp á afmælið hans Begga, svo skelltum við okkur á frumsýningu á Harry Potter.

**7. bekkur:** Förum í fyrsta og eina skíðaferðalagið okkar og brandarahornið hans Sigga Jóns var að meika'ða... Enn var nýtt fólk að koma í bekkinn og í 7. bekk var það Vigfús sem var the "new guy". Uuu svo fengum við að fara í fyrsta skiptið á árshátíð hjá eldri, voða, voða gaman =)

**8. bekkur:** Færeyingar kíktu í heimsókn til okkar, förum með þeim í Go-kart o.fl. Svo var femingarferðalagið í Vatnaskóg mjög eftirminnilegt. Nokkrar af stelpunum læddust út um gluggann um nóttina og ætluðu yfir til strákanna en Steinunn bankaði óvart á gluggann hjá prestinum í staðinn fyrir gluggann hjá strákunum þannig að það komst fljótt upp um okkur! Í 8. bekk bættist svo Tómas í "the crew".

**9. bekkur:** Hluti af bekknum skellti sér til Danmerkur, fóru í Legoland, Tívolí, á ströndina o.fl. allt voða, voða gaman. Förum svo í skíðaferðalag en ekki á skíði, spennandi ha? Fengum "mætingarbikarinn" af mjög augljóslegum ástæðum.

**10. bekkur:** VERKFALLIÐ =) var náttúrlega 1, 2 og 3. Söguleg stund varð á skólagöngu okkar þegar við vorum sameinuð í einn bekk "10. BJS" Héldum upp á 30 ára afmælið hennar Bergnýjar =) Anna Sóley kom ný í bekkinn.

*Ring, ring, vekjaraklukkan hringir, við öll vöknuð upp úr mjög góðum draumi. 20. apríl 2005 genginn í garð, það þýðir seinasta árshátíð okkar í Grunnskóla Sandgerðis... vówww, 10 ára samveru okkar að ljúka =(*

*Við viljum þakka öllum okkar kennurum, starfsfólki skólans, nemendum og fleirum sem hafa gert skólaárin okkar ógleymanleg =)*

*Takk fyrir okkur... 10. BJS*

*Ástin er aðeins ein en eftirlíkingar hennar óteljandi  
La Rochefocauld*

\*\*\*





### Kennaraviðtal

Nafn: Sigurfljóð Jóna Hilmarsdóttir.

Aldur: 40 ára.

Umsjónarbekkur: 5. SJH.

Áttu þér uppáhaldsnemanda? Já... hux, hux, það er leyndó

Í hverju sefurðu? Skinni.

Áttu einhver börn? Já, þrjú.

Einhver spennandi ástarsaga eða annar atburður sem þú manst eftir? Bókin "Ilmurinn" er góð ástarsaga.

Draumahús og staður: Skáli í Landmannahelli.

Sérðu framtíð einhvers nemanda sem kennari? Já, tvíburarnir hennar Fanneyjar kennara o.fl.

Eitthvað að lokum? Sá sem trúir getur allt.

Sum orð þín særa mig óendanlega  
en þögn þín er helmingi verri

### Nemanda viðtal

1. Fullt nafn: Ásdís Elvarsdóttir.

2. Afmælisdagur: 7. janúar.

3. Happatala: 11

4. Hræðilegasta tilhugsunin: Að Ragga væri mamma mín.

5. Hvað er undir rúminu þínu? Týndar skólabækur.

6. Hvað er það fyrsta sem þú hugsar þegar þú vaknar?

Vonandi sofa mamma og pabbi yfir sig.

7. Uppáhalds kennari? Pétur.

8. Hvað sendirðu að meðaltali mörg sms á dag? Misjafnt.

9. Uppáhalds leikari: Jón Gnarr.


10. Hvað ætlarðu að gera eftir grunnskóla?

Fara í skóla eða opna mína eigin sjoppu.

11. Besta vinkona? Steinunn, Særún, Guðbjörg, Ástrós,  
Karen Helga og ég man ekki hvað hinar heita.

12. Eftirminnilegur atburður úr skólanum: ooo, í fyrsta bekk -  
þá læsti Brói okkur inni, við vorum eitthvað óþekk.

13. Eitthvað að lokum? Bergný er líka uppáhaldskennarinn minn.



Rím  
 Ég fæ hjól,  
 um jól  
 og líka heyrnartól.  
 Gult hjól  
 og rautt heyrnartól.  
 Nól, tól.  
 Ríma, hríma,  
 til dæmis líma - ríma.  
 Hlöðver Magnús, 6. EY

### Kennaraviðtal

Nafn: Einar Sveinn Guðmundsson  
 Umsjónarbekkur: 7. ESG  
 Uppáhaldsfag: Hehehe - íslenska  
 Áttu þér upphaldsnemanda? Nei.  
 Í hverju sefurðu? Nærbuxum (rodni)  
 Áttu börn? Já, fjögur.  
 Einhver spennandi ástarsaga eða annar  
 atburður sem þú manst eftir?  
 - Já, ég datt í gegnum ís og drukknaði  
 næstum því - var á skautum en tvær stelpur  
 hjálpuðu mér upp, var 6 eða 7 ára...  
 Nauðsynlegustu hlutir: Inniskórnir mínir.  
 Draumahús og staður: Húsið mitt sem ég bý  
 í (ekki segja Garðinum þá verða allir voða fúllir).  
 Sérðu framtíð einhvers nemanda sem kennari?  
 Já, Siggi Þórhalls... hahaha, yrði fyrirmyndar kennari.  
 Eitthvað að lokum: Blindur er bóklaus maður.

### *Við í Blaðanefnd kusum úr kennarahópi 7.- 10. bekk*

Bergný - Hözzler ársins  
Einar Sveinn - Krúzi Rúsi  
 Brúsi Dúlla ársins  
Elín - "Stærsti" kennarinn  
Guðjón - Unglingur ársins  
Jóna - Hippi ársins  
Ragga - Rödd ársins  
Pétur - Freedí ársins  
Skúli - Kaffibolli ársins  
Beggi - Nettasti kennarinn  
Þórunn - Frískasti kennarinn  
Unnur - Strangasti kennarinn  
Þórunn T. - Töffari ársins

Ljóð  
 Einu sinni var ormur.  
 Svo kom gormur,  
 úr því varð stormur.  
 Magnús Ingibergur, 6. EY

Fínasta saga  
 Vindurinn hvín,  
 þessi saga er fín,  
 ástin hrín.  
 Margeir og Örvar eru svín - grín.  
 Margeir og Örvar, 6. EY

Vindurinn hvín  
 Vindurinn hvín,  
 eins og svín.  
 En Stína er ofsalega fín,  
 en ekki eins og svín.  
 Halldóra Katrín, 6. EY

## Uppskrift að fullkomnu lífi

Fyrst sæki ég um að komast að í þættinum You are what you eat og kemst þá að því að mataræði mitt er kolvitlaust, en ég held samt áfram að éta og fitna meira. Þá fer ég í megrunarkeppnina The Biggest Loser og næ af mér nokkrum kílóum. Nú til að fá final touchið á þetta þá fer ég í The Swan og fer í nokkrar lýtaaðgerðir og fitusog, ekki veitir af... en í lokapættinum kemst ég ekki áfram í fegurðarsamkeppni The Swan, þannig að þetta hefur ekki virkað alveg. Þá fer ég í Extreme Makeover og læt taka mig ærlega í gegn, skipti bara um andlit og sýg alla fitu úr líkamanum. Þá er ég heldur betur orðin flott og fer í American Next Top Model þáttinn og geri það gott þar - en tapa.

Nú er ég orðin soldið fúl og einmana, á engan kall

nebblega. Best að fara í Bachelorette og ná mér í einn ríkan og myndarlegan. Geri það, en þegar þáttaröðin og það er búið vantar einhverja spennu í sambandið þannig að við förum í Temtation Island... og þar endar það með því að við hættum saman því við höldum bæði framhjá.

Þá langar mig bara að vera dálðið sjálfstæð og verða rík þannig að ég fer í Survivor, þrauka alveg í 36 daga en lendi í 3. sæti ohhh, ég fæ ekki einu sinni 100 þús. dollara... fer heim alveg í rusli. En ég er ennþá sæt eftir lýtaaðgerðirnar og sílíkonbrjóstin hanga ennþá uppi og þar sem mig langar aftur í kærasta þá skrái ég mig í Djúpu laugina, næ mér þar í einhvern lúða sem býr í ljótri íbúð í Fellunum og er frekar subbulegur. En það er allt í lagi. Ég hringi bara í vini mína í

Queer Eye for the Straight Guy og þeir koma og henda mannum mínum í klippingu og kaupa ný föt á hann, rídekkorreita svo íbúðina, allt voða flott og hann biður mig um að giftast sér í lok þáttarins, sem ég geri.

Við förum þá auðvitað með brúðkaupið í Brúðkaupsþáttinn, já og vinnum svo ferð í Karabíska hafið, voða rómó. En á skemmtiferðaskipinu þá verð ég ólétt... eignast svo krakka og eftir 2 ár er krakkinn farinn að stjórna öllu, þannig að ég hringi í The Nanny og fæ hana til að kenna okkur að ala upp krakkann og láta hann ekki ráða öllu.

Nú er allt komið í drasl aftur þannig að ég hringi bara í Heiðar vin minn snyrti og fæ hann til að koma með þáttinn

Allt í drasli og taka til. Vá hvað það verður allt fínt hjá okkur! Þá er nú kominn tími til að hringja í Völu Matt og við komum í Innlit Útlit, en við þurfum svo að stækka við okkur því að það er annað barn á leiðinni þannig að við förum bara með íbúðina í þáttinn Allt undir einu þaki, seljum hana og kaupum stærri.

Árin líða og þetta endar allt með því að ég er búin að skilja við kallinn sem hélt framhjá mér, lýtaaðgerðirnar sem voru gerðar fyrir 15 árum komnar í klessu, ég er orðin ljót, feit, einstæð 2ja barna móðir sem á ekki neitt... þannig að ég fer bara í Fólki með Sirrý og væli yfir þessu öllu saman! Svona er lífið - ekki alltaf eintómur dans á rósum!

#### Ég er Cool

Ég er cool,  
ég get aldrei verið fúl.  
En þú, þú ert fúll.  
Því ég er cool.  
Badda big, badda búng,  
því ég er geggjað cool.  
Bryndís, 6. E

#### Afi

Afi gamli er gamall og grár.  
Alltaf er hann með lítið hár.  
Voða fyndinn hann er  
með augum sínum mig hann sér.

Svanbjörg Kristín, 6. EY

### Nútíma - orðabókin

Kjötsúpa: Stórslasaður maður  
Kúlutyggjó: Hrútsprungar  
Loftleiðir: Nasagöng  
Lækjargat: Pissugat  
Afruglari: Geðlæknir  
Afréttari: Göngustafur.

Hérna eru 10 setningar sem þú getur  
notað á  
kennarann ef þú sofnar í tíma:



1. Þær sögðu mér í blóðbankanum að þetta gæti gerst.
2. Þetta er bara korters orkublundur eins og sagt var frá á námskeiðinu sem þú sendir mig á.
3. Vá! Ég gleymdi að setja tappann aftur á Tipp-exið. Þú hefur líklega komið rétt á elleftu stundu.
4. Ég var ekki sofandi! Ég var að íhuga verkefnaviðmiðin og úthugsa nýjan rannsóknarramma.
5. Ég var að prófa nýju slef-vörnina á bókinni minni.
6. Eg var að framkvæma sérlega erfiða Jóga-æfingu til að losa mig við streituvald sem orsakast af skólaumhverfi mínu. Hefur þú eitthvað á móti jógaiðkendum?
7. Fjórinn, af hverju varstu að trufla mig? Ég var rétt að finna lausnina á stærsta vandamáli skólans.
8. Kaffivélin er biluð...
9. Það hefur einhver sett koffínlaust kaffi í vélina.
10. ...í Jesú nafni, amen.

## Lítill drengur

Mér þykir það kært  
að hugsa svo vært,  
að hugsa um þig  
þann sem elskar mig.

Þú sýndi mér líf, þú kenndir mér ást.  
Þú kenndir mér aðferð sem aldrei brást,  
við þetta ljóð er erfitt að fást.  
Þú bauðst mér út en aldrei sást.

Sama hversu mikið tárin streyma,  
þér mun ég aldrei gleyma.  
Þú lagaðir brotið hjartað mitt,  
þú gafst mér allt er var þá þitt.

Takk fyrir mig,  
þakka vil ég þig  
nú sé ég þig ei lengur  
minn litli, kæri drengur.  
Teresa Alma Sigfúsdóttir

Að vera elskaður sjálf síns vegna er hámark hamingjunnar  
Victor Hugo

\*\*\*

Að óttast astina er að óttast lífið og sá  
sem þorir ekki að lifa er dauður að mestu  
Bertrand Russel

\*\*\*

# STJÖRNUSPÁ

## kvöldsins

Vatnsberinn: 23. jan. - 22. febr.

Þú munt skjóta ástarörvum í stað bogamannsins og þú munt hitta beint í mark.

Fiskurinn: 23. febr. - 22. mars

Strákar: Þú færð bóner því að gellan sem þú hefur áhuga á mætti í þröngum buxum í kvöld. Hún mætti svona því hún vissi að þú yrðir á staðnum.

Stelpur: Þú átt eftir að finna rétta strákinn í kvöld. Þið munuð giftast og eignast 6 börn.

Hrúturinn: 23. mars - 22. apríl

Þú verður fyrir áfalli í kvöld því einhver vinkona/vinur þinn mun byrja með stelpunni/stráknum sem þú ert hrifin/nn af. Happatölur þínar eru 6 og 69.

Nautið: 23. apríl - 22. maí

Ekki dansa uppi á sviði í kvöld. Ég sé að þú átt eftir að detta niður og tvíbrotna á fótunum, mjaðmagrindarbrotna og verða að einni klessu - so please take my advise!

Tvíburinn: 22. maí - 23. júní

Ég myndi ekki hreyfa mig mikið í kvöld því það er einhver hættu á slysi hjá tvíburum. Vertu bara í sætinu þínu og lestu Sandkorn.

Krabbinn: 23. júní - 22. júlí

Farðu á sviðið og taktu smá action eins og Rob Schneider. Stelpurnar/strákarnir falla strax fyrir þér. Ekki reyna of mikið við þær/þá. Allt er best í hófi, en það er samt engin ástæða til að skemmta sér ekki vel.

Ljónið: 23. júlí - 22. ágúst

Einhver ljót/ur stelpa/strákur mun horfa á þig í allt kvöld og því skaltu flýta þér út.

Meyjan: 23. ágúst - 22. sept.

Í kvöld er þitt happkvöld því stelpa/strákurinn sem þú ert heit/ur fyrir kyssir þig í fyrsta sinn.

Vogin: 23. sept. - 22. okt.

Þú munt skemmta þér mjög vel í kvöld og átt eftir að tjútta úti eitt. Dríftu þig nú að bjóða gagnstæða kyninu upp í dans.

Sporðrekinn: 23. okt. - 22. nóv.

Leikritið sem bekkurinn þinn sýndi misheppnaðist stórlega en sem betur fer varst þú ekki með og allar stelpurnar/strákarnir munu dást að þér því að fötin þín eru svo flott.

Bogamaðurinn: 23. nóv. - 22. des.

Stelpan: Þú munt byrja á túr í kvöld, ferð í vont skap og langar að fara heim en loksins finnur þú strák og dansar við hann og vilt ekki hætta.

Strákur: Stelpan sem þú varst með segir þér upp og þig langar heim, en vinur þinn kynnir þig fyrir frænku sinni úr bænum. Þið dansið allt kvöldið.

Steingeitin: 23. des. - 22. jan.

Það gæti verið heppilegt fyrir þig að vera í röndóttum sokkum því að stelpan/strákurinn sem þú ert hrifin/nn af elskar röndóttu sokka. Happatölur þínar eru 2, 6 og 89.

### Frá móður til sonar

Kæri sonur.

Ég skrifa þetta bréf hægt af því að ég veit að þú getur ekki lesið mjög hratt. Við búum ekki lengur þar sem við bjuggum þegar þú fórst að heiman. Pabbi þinn las í blöðunum að flest slys gerast innan við 20 mílur frá heimilunum þannig að við fluttum. Ég get ekki sent þér heimilisfangið af því að fjölskyldan sem bjó hérna á undan okkur tók húsnúmerið þegar þau fluttu til þess að þau þyrftu ekki að breyta heimilisfanginu sínu.

Veðrið er ekki slæmt hérna. Það rigndi bara tvisvar í síðustu viku; í fyrra skiptið í þrjá daga og í seinna skiptið í fjóra daga.

Varðandi jakkann sem þú vildir að ég sendi þér þá sagði Stjáni frændi þinn að hann væri of þungur til að senda í pósti með tölunum þannig að við klipptum þær af og stungum þeim í vasann.

Jón læsti lyklunum sínum inni í bílnum í gær. Við vorum öll mjög áhyggjufull vegna þess að það tók tvo tíma að ná okkur pabba þínum út.

Systir þín eignaðist barn í morgun; en ég hef ekki enn komist að því hvers kyns það er þannig að ég veit ekki einu sinni hvort það er frænka eða frændi. Barnið lítur alveg eins út og bróðir þinn...


Annars er ekki mikið meira í fréttum. Það hefur ekkert mikið gerst. Ástarkveðjur, mamma.

P.S. ÉG ætlaði að senda þér peninga en ég var búin að loka umslaginu.



# SANDGERÐISBÆR

**Óskar nemendum Grunnskólans til  
hamingju með árshátíðina**



Skrifstofa Sandgerðisbæjar	sími: 420 - 7555
Sandgerðishöfn	sími: 423 - 7477
Áhaldahús v/ Strandgötu	sími: 423 - 7515
Hafnarvigtin	sími: 423 - 7477
Leikskólinn Sólborg	sími: 423 - 7620
Íþróttahús og sundlaug	sími: 420 - 7510
Tónlistarskóli	sími: 423 - 7695
Bókasafn	sími: 420 - 7513
Fræðasetur	sími: 423 - 7551
Miðhús þjónustumiðstöð	sími: 423 - 7949
Grunnskólinn	sími: 420 - 7500

# Mistök úr munni íþróttufréttamanna

- \* Staðan er Liverpool 2, Ipswich 0 og ef staðan helst óbreytt spái ég Liverpool sigri í leiknum.
- \* Ef þessi bolti hefði farið í netið er ég viss um að það hefði endað með marki.
- \* Manchester United er um það bil að tryggja sér þriðja meistaratitilinn í röð... Á JAFN MÖRGUM ÁRUM...
- \* Þarna kemur rauðhærður niggari inná.
- \* Eitt sinn var Gaupi að tala um Völu Flosadóttur en sagði óvart Flasa Voladóttir.
- \* Þeir fá hornspyrnu á HÆTTULEGUM STAÐ.
- \* Velkomin aftur, en þá er það seinni hálfleikurinn í Arsenal - Chelsea og staðan er 1-0 fyrir Tottenham.
- \* Og Marcello Lippi kveikir sér í vindli og ber greinilega ENGA virðingu fyrir reyklausa deginum hér á Íslandi.

000000000000000000000000

## Ljósku-brandari

Það var eitt sinn ljóska sem var orðin þreytt á ljóskubröndurum og vildi helst koma sér í hóp þeirra sem tekið er mark á.

Eina helgi í ágúst fór hún í bíltúr upp í sveit. Hún var ekki komin langt þegar hún sá fjárhirði smala stórum kindahópi. Og þar sem hún var mikill aðdáandi fjórfætlinga stoppaði hún bílinn og gaf sig á tal við fjárhirðinn. Eftir nokkurt smátal spurði hún hirðinn hvort hún mætti eiga eina kind ef hún gæti giskað á hversu margar kindur væru þarna í hópnum. Hirðirinn var nokkuð viss um að það gæti hún aldrei og tók áskoruninni. "Ljóska" hugsaði sig vel um og að lokum kom hún með töluna 294. Hirðirinn trúði ekki sínum eigin eyrum því að það var nákvæmlega fjöldi kindanna. En vegna þess að hann var heiðarlegur með eindæmum leyfði hann henni að velja eina kind. "Ljóska" tók sér góðan tíma og að lokum valdi hún eina sem var mun líflegri en allar hinar. Hirðirinn leit á hana og sagði: Ef ég get giskað á rétta hárlit þinn, má ég þá fá hundinn minn aftur?

Nemanda viðtal

Fullt nafn: Hjörtur Magni Sigurðsson

Afmælisdagur: 10. júlí

Happatala: 11

Uppáhalds föt: Bara eitthvað - alveg sama

Uppáhaldsstaður: SANDGERÐI!

Hvað er undir rúminu þínu? Ryk

Uppáhalds matur? Saltkjöt

Uppáhalds drykkur? Pepsí

Uppáhalds sjónvarpsþáttur: One Tree Hill

Hvað sendirðu að meðaltali mörg sms á dag? 0

Áttu síma? Já

Besti vinur: Óli - strákur í Keflavík

Áhugamál: Fótbolti, vinir og tölva

Vont veður - hræðilegt eða spennandi? Hræðilegt.

Leikari: Martin Lawrence

Hræðilegasta tilhugsunin: Hehe. Veit ekki.


Það fyrsta sem þú hugsar á morgnana: Nenni ekki í skólann.

Mottó: Hvað er það?

Eitthvað að lokum... Piz


*Bíll í rugli*

B	Í	L	S	T	J	Ó	R	I	H	V	Ð	R	E	F
Í	F	E	I	Ð	R	O	B	U	S	M	E	R	B	S
S	V	E	A	T	A	G	Í	T	K	S	A	A	Í	T
Æ	F	I	R	D	Ð	M	U	O	Ú	P	Ð	R	L	E
T	Ý	S	T	Ð	R	Ð	R	Ý	P	Í	Ú	Í	L	F
I	G	E	Þ	R	A	F	A	O	L	B	R	G	M	N
S	A	B	E	R	B	L	K	H	I	O	R	A	H	U
Ó	S	L	I	S	L	L	A	R	N	U	L	R	Ý	L
L	M	Ó	T	P	Ó	Ð	Ð	G	G	B	Ð	Í	B	J
H	E	Ý	Ó	J	J	H	K	E	I	P	Ú	K	A	Ó
J	R	S	H	V	H	B	V	K	N	H	Ú	D	D	S
Í	B	H	R	A	Ð	I	I	T	L	E	B	L	Í	B



Orðin geta verið falin afturábak og áfram, upp og niður og á ská.

## Bíll í kross

3 stafir

aka ✓

4 stafir

olía

drif

bíll

húdd

gata

ferð

rúða

5 stafir

stýri

gírar

hraði

vegur

6 stafir

malbik

bremsa

7 stafir

kúpling

farþegi

sætisól

stuðari

8 stafir

bílbelti

ferðalag

9 stafir

bílstjóri

10 stafir

hjólbarðar

hjólkoppar

stefnuljós

11 stafir

bremsuborði



# Mom! So I love you a

Mom I went to a party

Ég grætt alltaf  
þegar ég les þetta

I went to a party,  
and remembered what you said.  
You told me not to drink, Mom  
So I had a Sprite instead.

I felt proud of myself,  
the way you said I would.  
That I didn't drink and drive  
Though some friends said I should.

I made a healthy choice,  
and your advice to me was right.  
The party finally ended,  
and the kids drove out of sight.

I got into my car  
sure to get home in one piece  
I never knew what was coming, Mom  
something I expected least.

Now I'm lying on the pavement,  
and I hear the policeman say;  
the kid that caused this wreck was drunk,  
Mom, his voice seems far away.

My own blood's all around me,  
as I try hard not to cry.  
I can hear the paramedic say:  
this girl is going to die.

I'm sure the guy had not idea,  
while he was flying high.  
Because he chose to drink and drive,  
now I would have to die.

So why do people do it, Mom  
knowing that it ruins lives?  
And now the pain is cutting me,  
like a hundred stabbing knives.

Tell sister not to be afraid,  
tell brother to be brave.  
And when I go to heaven, Mom  
put "Daddy's Girl" on my grave.

Somone should have taught him,  
that it's wrong to drink and drive.  
Maybe if his parents had,  
I'd still be alive.

My breath is getting shorter, Mom  
I'm getting really scared.  
These are my final moments,  
and I'm so unprepared.

I wish that you could hold me Mom,  
as I lie here and die.  
I wish that I could say  
"I love you, and good bye".

